

**Félagsmálaráðuneyti**  
**07 101**

**Ársreikningur 2020**

## **Efnisyfirlit**

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Félagsmálaráðuneyti**  
**kt. 521218-0610**  
**Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Félagsmálaráðuneyti er ríkisaðili í A-hluta, helstu verkefni þess varða velferðar- og fjölskyldumál.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 798,6 milljónir og afkoma kr. 17,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 40,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 124,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Félagsmálaráðuneytis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Félagsmálaráðuneytis fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Gissur Pétursson

Ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	724.300.000	721.000.000
Seld þjónusta .....	3	2.824.800	265.200
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	68.957.729	11.895.503
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	2.478.580	1.981.540
<b>Tekjur samtals</b>		<u>798.561.109</u>	<u>735.142.243</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	609.564.937	438.935.886
Framlög og tilfærslur .....	6	655.000	11.960.000
Annar rekstrarkostnaður .....	7	168.398.504	259.581.395
Afskriftir .....	8	2.478.580	1.981.540
<b>Gjöld samtals</b>		<u>781.097.021</u>	<u>712.458.821</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		17.464.088	22.683.422
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(28.718)</u>	<u>(61.271)</u>
		(28.718)	(61.271)
<b>Afkoma ársins</b>		<u>17.435.370</u>	<u>22.622.151</u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	17.690.370	34.182.151
Rekstrartilfærslur .....		<u>(255.000)</u>	<u>(11.560.000)</u>
		<u>17.435.370</u>	<u>22.622.151</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		13.854.075	11.862.293
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>13.854.075</u>	<u>11.862.293</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	110.067.564	95.209.252
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		745.457	145.563
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>110.813.021</u>	<u>95.354.815</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>124.667.096</u></u>	<u><u>107.217.108</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		40.057.521	22.622.151
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>40.057.521</u>	<u>22.622.151</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	2.177.965	326.383
Viðskiptaskuldir .....		8.542.206	6.640.494
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	62.558.309	66.218.405
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	11.331.095	11.409.675
<b>Skuldir samtals</b>		<u>84.609.575</u>	<u>84.594.957</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>124.667.096</u></u>	<u><u>107.217.108</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		17.435.370	22.622.151
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	2.478.580	1.981.540
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(2.478.580)	(1.981.540)
		<u>17.435.370</u>	<u>22.622.151</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(599.894)	(145.563)
Tengdir aðilar .....		(15.077.092)	(79.699.974)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(1.758.384)	57.223.386
		<u>(17.435.370)</u>	<u>(22.622.151)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(4.470.362)	(2.752.618)
		<u>(4.470.362)</u>	<u>(2.752.618)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
Tengdir aðilar .....			452.618
Fjárfestingarframlag .....		4.470.362	2.300.000
		<u>4.470.362</u>	<u>2.752.618</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## **Skýringar**

### **Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	724.300.000	721.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	2.478.580	1.981.540
	<u>726.778.580</u>	<u>722.981.540</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	723.900.000	400.000	0	724.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ....	(706.209.630)	(655.000)	0	(706.864.630)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>17.690.370</b>	<b>(255.000)</b>	<b>0</b>	<b>17.435.370</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Veitinga- og gistipjónusta .....	2.824.800	265.200
	<u>2.824.800</u>	<u>265.200</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild .....	67.144.656	10.000.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	1.500.000	935.664
Ýmsar tekjur .....	313.073	959.839
	<u>68.957.729</u>	<u>11.895.503</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	479.081.745	349.378.480
Orlof, breyting .....	13.267.852	2.730.520
Launatengd gjöld .....	108.581.314	79.489.089
Starfsmannakostnaður .....	8.634.026	7.337.797
	<u>609.564.937</u>	<u>438.935.886</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	41,2	30,0
------------------------------	------	------

### 6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir .....	655.000	11.960.000
	<u>655.000</u>	<u>11.960.000</u>

## Skýringar

	2020	2019
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	572.248	491.197
Tæki og búnaður til innréttinga .....	325.990	0
Ýmis tæki og áhöld .....	1.498.870	462.956
Orkugjafar .....	74.040	14.682
Matvæli .....	672.170	741.194
Almennar rekstrarvörur .....	143.685	73.134
Vörukaup, almenn	3.287.003	1.783.163
Ýmsar sérgreindar vörur .....	374.891	0
Vörukaup, sérgreind	374.891	0
Fundir, námskeið, risna .....	961.457	2.282.098
Ferðir, uppihald .....	3.436.704	14.799.687
Akstur .....	1.474.460	2.638.228
Sérfræðiþjónusta .....	25.117.193	15.969.648
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	35.809	46.493
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	5.226.058	5.050.055
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	4.093.538	2.898.274
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	40.345.219	43.684.483
Samningsbundin kaup og leiga .....	4.816.304	3.023.687
Afnotagjöld .....	9.592.431	8.061.640
Leigugjöld .....	23.660.360	73.570
Notkun véla og flutningatækja .....	250.000	576.500
Verkkaup .....	5.563.728	4.055.844
Kostnaðarhlutdeild .....	80.372.537	195.977.944
Áhættutap og bætur .....	129.990	2.300.000
Opinber gjöld .....	6.041	44.564
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	124.391.391	214.113.749
Annar rekstrarkostnaður samtals	168.398.504	259.581.395
	<b>2020</b>	<b>2019</b>
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.478.580	1.981.540
	2.478.580	1.981.540

## Skýringar

### 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

	2020	2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	13.854.075	11.862.293
	<u>13.854.075</u>	<u>11.862.293</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	19.183.613	19.183.613
Viðbætur á árinu .....	4.470.362	4.470.362
	<u>23.653.975</u>	<u>23.653.975</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	7.321.320	7.321.320
Selt/niðurfært á árinu .....		0
Afskrift ársins .....	2.478.580	2.478.580
	<u>9.799.900</u>	<u>9.799.900</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>13.854.075</u>	<u>13.854.075</u>

### 10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	110.067.564	94.273.588
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	0	935.664
	<u>110.067.564</u>	<u>95.209.252</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	2.177.965	326.383
	<u>2.177.965</u>	<u>326.383</u>

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	22.622.151	0
Afkoma ársins .....	17.435.370	22.622.151
Jöfnuður 31.12. ....	<u>40.057.521</u>	<u>22.622.151</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	61.819.321	48.551.469
Ógreidd laun .....	0	1.971.961
Önnur ógreidd gjöld .....	738.988	15.694.975
	<u>62.558.309</u>	<u>66.218.405</u>

## Skýringar

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	13.854.075	11.862.293
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ....	(2.522.980)	(452.618)
	<u>11.331.095</u>	<u>11.409.675</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	11.862.293	(452.618)	11.409.675
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	2.400.000	2.400.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	4.470.362	(4.470.362)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(2.478.580)	0	(2.478.580)
	<u>13.854.075</u>	<u>(2.522.980)</u>	<u>11.331.095</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 2,4 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur ekki gert skuldbindandi samning vegna húsaleigu og er árleg greiðsla kr. 40,3 milljónir.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.